

Greinargerð um fjölmiðlaþjónustu í almannapágu 2024



GREINARGERÐ TIL FJÖLMIÐLANEFNDAR UM FJÖLMIÐLAÞJÓNUSTU Í ALMANNAÞÁGU ÁRIÐ 2024

Samkvæmt 15. gr. laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu, nr. 23/2013 skal fjölmiðlanefnd árlega leggja sjálfstætt mat á hvort Ríkisútvarpið hafi uppfyllt almannapjónustuhlutverk sitt skv. 3. gr. þeirra laga, sbr. einnig 14. gr. samnings menningar- og viðskiptaráðherra og Ríkisútvarpsins ohf. um fjölmiðlaþjónustu í almannapágu 2024-2027 og viðauka I við þann samning. Hér fyrir neðan eru skýringar Ríkisútvarpsins við einstaka liði 3. gr. framangreindra laga auk skýringa við ýmis atriði sem koma fram í 14. gr. samnings menningar- og viðskiptaráðherra og Ríkisútvarpsins ohf. og í viðauka I við samninginn.

Reykjavík 27. maí 2025

Stefán Eiríksson, útvarpsstjóri

	Lög nr. 23/2013	Skýringar	Tölulegar upplýsingar
2. tölul., 1. mgr. 3. gr.	Ríkisútvarpið skal framleiða og miðla vönduðu og fjölbreyttu efni með mismunandi tæknilegum aðferðum til allra landsmanna óháð búsetu. Ríkisútvarpið skal gera ráðstafanir til að hægt sé að flytja fréttir og framleiða efni utan höfuðborgarsvæðisins með fastri starfsemi á völdum svæðum.	Sjá skýringar við 3. og 4. tölulið. Fréttamenn RÚV eru með starfsstöðvar við Efstaleiti í Reykjavík, á Akureyri, Egilsstöðum, Borgarnesi og Brussel. Landsbyggðarstefna RÚV er í mótun og verður kynnt 2025.	Fjöldi stöðugilda 2024 á landsbyggðinni: 12. Fréttastofur svæða 7 Hugbúnaður 1 Rás 1 0,47 Rás 2 0,53 Dagskrá sjónvarps 2 <u>Auglýsingar</u> 1 Samtals 12
3. tölul., 1. mgr. 3. gr.	Fjölmiðlaefnið skal hið minnsta vera fréttir og fréttaskýringar, fræðsluþættir, íþróttarþættir, afþreying af ýmsum toga, lista- og menningarþættir og sérstakt efni fyrir börn og ungmenni.	Á öllum miðlum RÚV er miðlað fréttum og fréttaskýringum. Fræðsluþættir, afþreying af ýmsum toga, lista- og menningarþættir og sérstakt efni fyrir börn og ungmenni eru í sjónvarpi og á Rás 1. Á Rás 2 er afþreying af ýmsum toga, lista- og menningarþættir auk umfjöllunar um málefni líðandi stundar. Íþróttaréttir og -þættir eru í fréttum, á Rás 2 og í sjónvarpi. Uppbygging dagskrár í hljóðvarpi og sjónvarpi var með sama hætti og undanfarin ár. Engar verulegar breytingar urðu á hlutföllum milli efnisþátta í miðlum RÚV milli ára og tilfærslur á fé milli hljóðvarpsrása og sjónvarps óverulegar.	Sjá tölulegar upplýsingar í fylgiskjali 1
4. tölul. 1. mgr. 3. gr.	Ríkisútvarpið skal dreifa efni til alls landsins og næstu miða með a.m.k. tveimur hljóðvarpsdagskrám og	Sjónvarpsefni RÚV er dreift um RÚV og RÚV 2 og hljóðvarpi um Rás 1 og Rás 2. Dreifing á sjónvarps- og hljóðvarpsefni RÚV nær til 99,9% heimila um opið dreifikerfi.	Fylgjendur RÚV á Facebook eru 68 þúsund.

	einni sjónvarpsdagskrá árið um kring. Enn fremur að birta valda hluta efnis síns, breytta eða óbreytta, ásamt öðru efni í breyttu eða óbreyttu formi með öðrum miðlunarleiðum, þ.m.t. að gera efni aðgengilegt almenningi með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að efniinu og/eða þjónustunni á þeim stað og á þeirri stundu er hann sjálfur kys.	Allt efni RÚV er aðgengilegt til skemmri eða lengri tíma í spilara og hlaðvarpsveitum. Þá er efni einnig miðlað á RÚV.IS og að hluta á samfélagsmiðlum. Tekin var í notkun innskráning í vefspilara RÚV sem veitir Íslendingum erlendis aðgang að réttindavörðu efni. Til þessa hafa um 29 þúsund notendur nýtt sér þessa þjónustu. Innskráningin er í gegnum þjónustu Kennis og notendur auðkenna sig með rafrænum skilríkjum. Á RÚV.is er hægt að lesa fréttir á auðskildu máli (ruv.is/audskilid). Fréttakerfi RÚV var tengt við gervigreindartól frá Miðeind sem gerir kleift að birta fleiri fréttir á auðskildu máli en áður, með aðstoð gervigreindar. Áhersla er lögð á að allt sem RÚV framleiðir og birtir sé aðgengilegt á vefnum. Það á jafnt við um útvarps- og sjónvarpsefni og efni sem er framleitt fyrir hlaðvarp eða samfélagsmiðla. Eldgos, stríð, kosningar og róstusamir tímar í stjórnmálum hér heima og á alþjóðavettvangi settu svip sinn á árið 2024 og voru birtar yfir 22 þúsund fréttir og 264 fréttavaktir.	• Áhorf á efni RÚV Facebook okt.-des.: 13,8 milljónir og 9,5 milljónir á efni á síðunum RÚV – fréttir. • Instagram-síða fréttastofunnar: 55 þúsund fylgjendur og áhorf um 5,8 milljónir sept.-des. 2024. • Um 105 þúsund fylgja fréttastofunni á TikTok.
5. tölul. 1. mgr. 3. gr.	Ríkisútvarpið skal í samvinnu við til þess bær stjórnvöld tryggja nauðsynlega öryggisþjónustu með upplýsingamiðlun um útvarp og þegar við á eftir öðrum boðleiðum. Ríkisútvarpið skal í því skyni setja sér öryggisstefnu um órofinn rekstur hljóðvarpsþjónustu um land allt og á næstu miðum.	Ríkisútvarpið starfar eftir öryggisstefnu sem miðar að því að tryggja landsmönnum áreiðanlegar upplýsingar þegar alvarlegir atburðir verða í og við landið. Útvarpsstjóri skipar upplýsingaöryggisnefnd sem ber ábyrgð á öryggismálum Ríkisútvarpsins. Öllum útvarpsútsendingum RÚV á langbylgju hefur verið hætt og öryggisútsendingar í útvarpi verða framvegis á Rás 2 um FM-dreifikerfið sem hefur verið þétt mjög mikið á undanförunum árum. Starfsemi RÚV er í samræmi við öryggisstaðal ISO 27001:2022 og hefur verið vottuð.	• 4 sendar settir upp á nýjum stöðum. • 26 gömlum sendum skipt út fyrir nýja. • Varaafl sett upp á 16 stöðum. Varaleiðir settar upp á 4 stöðum • FM sendar eru um 240 um allt land.
6. tölul. 1. mgr. 3. gr.	Ríkisútvarpið skal varðveita hljóðritanir, filmur, myndefni og aðrar sögulegar minjar sem ætla má að hafi menningarlegt og sögulegt gildi fyrir íslensku þjóðina og heyra ekki sérstaklega undir lög um skylduskil til safna. Ríkisútvarpið skal tryggja sem greiðast aðgengi að safnaefni, hvort sem er til einkanota eða til viðskiptalegrar hagnýtingar sjálfstæðra framleiðenda...	Gestaaðstaða í safni RÚV var endurbætt á árinu og þjónusta augin með ráðningu í hlutastarf í afgreiðslu. Starfsmenn safnsins stóðu fyrir reglulegum námskeiðum fyrir dagskrárgerðarfólk um leit og notkun efnis úr gagnagrunni RÚV. Áfram var unnið að yfirfærslu á filmusafninu með samstarfssamningi við Kvikmyndasafnið. Gengið var frá öllu gömlu hráefni á filmum frá RÚV og það skráð í Kvikmyndasafnið. Með samningi við Myndbandavinnsluna var lokið við stafræna yfirfærslu á rauntímadagskrá sjónvarpsins árin 2005 til 2015.	• Tæplega 350 heimsóknir í safnið á árinu. • Í gagnagrunni er ríflega ein milljón færslna. • 12.000 segulbönd voru yfirfærð á stafrænt form í Belgíu auk efnis sem var yfirfært hjá RÚV. Sjá nánari tölulegar upplýsingar í fylgiskjali 2

7. tölul. 1. mgr. 3. gr.	Ríkisútvarpið skal skapa vettvang fyrir aðkomu almennings að stefnumótun fjölmiðlunar í almannapágu með fyrirkomulagi sem nánar er kveðið á um í samþykktum Ríkisútvarpsins.	Við undirbúning stefnu RÚV 2022 – 2026 var efnt til samtals við breiðan hóp hagaðila sem starfa í umhverfi RÚV. Var afstaða þeirra greind með rafrænni könnun og viðtölum við fulltrúa frjálsra félagasamtaka, stjórnendur mennta- og menningarstofnana, einkarekinna fjölmiðla og annarra hagsmunahópa. Þá kannar RÚV reglulega áhorf og hlustun, gerir árlega viðhorfskönnun og traustsmælingu og er í stöðugu sambandi við áhorfendur og hlustendur í gegnum ábendingagáttir á vef og samfélagsmiðlum. Þá var opnuð vefgátt í október 2021 undir yfirskriftinni Hvernig vilt þú hafa RÚV? þar sem 650 landsmenn svöruðu spurningum um hvað þeim þætti vænst um í þjónustu RÚV og hvað RÚV ætti að leggja meiri eða minni áherslu á í framtíðinni. Þátttakendur völdu einnig fimm gildi sem að þeirra mati voru mikilvægust fyrir RÚV og tilgreindu mikilvægustu þætti starfseminnar. Undirbúningur að nýrri stefnu frá 2027 er hafinn.	Viðhorfskannanir og traustsmælingar: Sjá undir: Önnur atriði sem kveðið er á um í þjónustusamningi.
2. mgr. 3. gr.	Ríkisútvarpið skal sinna lýðræðislegu hlutverki sínu m.a. með því að:		
1. tölul. 2. mgr. 3. gr.	1. Hafa í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur, þ.m.t. um mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana.	Í siðareglum RÚV, aðgengisstefnu, jafnréttisáætlun, vinnureglum um fréttir og dagskrárefni og fleiri gögnum speglast þau grundvallarsjónarmið sem um getur í 1. tölul. 2. mgr. 3. gr.	
2. tölul. 2. mgr. 3. gr.	2. Veita viðtæka, áreiðanlega, almenna og hlutlæga frétt- og fréttaskýringarþjónustu um innlend og erlend málefni liðandi stundar.	Fréttum er útvarpað 15 sinnum á sólarhring á Rás 1 og Rás 2 og sjónvarpsfréttir eru tvisvar á kvöldi og oftar ef þörf krefur. Fréttaskýringar eru bæði í útvarpi og sjónvarpi. Þá eru fréttir og fréttaskýringar á RÚV.is og fjöldi þeirra sem nýtir sér þann kost eru fleiri en þeir sem horfa á línulega dagskrá. Alls var sendur út 21 aukafréttatími í sjónvarpi árið 2024. Á RÚV.is voru birtar yfir 22.000 fréttir og 264 fréttavaktir.	• Meðaláhorf á sjónvarpsfréttir klukkan 19 var 25,9% árið 2024 (24,3% árið 2023). • Meðaláhorf á fréttir kl. 22 var um 14,2%. • Meðalhlustun á hádegisfréttir RÚV var 9,1%. • Meðalhlustun á Spegilinn var 5,1%. • Meðaláhorf á Kveik var 18,2%, á Kastljós 15,5% og á Silfrið 9,4%
3. tölul. 2. mgr. 3. gr.	3. Vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á málum sem efst eru á baugi hverju sinni og almenning varða.	Í fréttaskýringapáttum eins og Speglinum og Kastljósi eru reglulega umræður um málefni þar sem viðmælendum gefst kostur á að viðra andstæð sjónarmið. Þá er eftir fremsta megni leitast við að kynna mismunandi sjónarmið í fréttum. Reynt er að hafa jafnvægi í allri umfjöllun um stjórnsmál og ágreiningsmál í samfélaginu hverju sinni, sbr, 6. gr. vinnureglna um fréttir og dagskrárefni .	3. mgr. 6. gr.: „Í umfjöllun um mál þar sem mörg og mismunandi sjónarmið eru fyrir hendi, til dæmis í stjórnsmálaumræðu, skal

			leita jafnvægis þegar til lengri tíma er litið.“
4. tölul. 2. mgr. 3. gr.	4. Kynna margbreytileika mannlífs, lífsviðhorfa og lífsskilyrða í landinu.	Vísað er til sjónvarpsþátta á borð við Landann og Með okkar augum og útvarpsþátta eins og Samfélagsins og fleiri auk fréttu frá öllum landshornum.	
5. tölul. 2. mgr. 3. gr.	5. Miðla upplýsingum og veita landsmönnum innsýn í alþjóðamál, mismunandi menningarheima og ólík sjónarmið.	Erlendar fréttir eru fyrirferðarmiklar í flestum fréttatímum og margvíslegt erlent fræðsluefni á dagskrá sjónvarps auk menningarumfjöllunar í útvarpi.	
6. tölul. 2. mgr. 3. gr.	6. Hafa hlut karla og kvenna sem jafnastan í starfsemi Ríkisútvarpsins og í dagskrá þess.	RÚV starfar eftir jafnréttisáætlun. Hlutfall karla og kvenna í starfsmannahópi RÚV er 48% konur og 52% karlar. Árið 2024 var viðmælendaskráning aukin með skráningu kennitölu, aldurs, búsetu og með því að bæta við orðinu kvár. Viðmælendaskráningin er í stöðugri í þróun og sveiflur milli ára skýrast að nokkru af því.	Kynjahlutföll í dagskrá 2024 KVK% KK% Fréttastofa 41% 59% Rás 1 53% 46% Rás 2 41% 59% RÚV 47% 52% Án fréttu 47% 53%
7. tölul. 2. mgr. 3. gr.	7. Kynna framboð til almennra kosninga, helstu stefnumál framboða, frambjóðenda og fylkinga eftir atvikum og greina ítarlega frá niðurstöðum kosninga. Þá skal það veita öllum gildum framboðum til Alþingis og forsetakosninga,	Tvennar kosningar voru árið 2024 og voru framboð kynnt með hefðbundnum hætti ásamt viðtölum við frambjóðendur og umræðum frambjóðenda. Kosningaumfjöllun RÚV vegna alþingiskosninga í nóvember 2024 var á sérstökum kosningavef í sjónvarpi, útvarpi og á samfélagsmiðlum. Opnaður var kosningavefur þar sem fólk gat borið skoðanir sínar saman við stefnumál flokkanna og að auki var kosningaumfjöllun á samfélagsmiðlum RÚV. Um 100.000 notendur heimsóttu kosningaprófsvefinn og var flett um 2,4 milljón sinnum á þeim tæpu tveimur vikum sem hann var í loftinu í aðdraganda kosninga. Gefnar voru út reglur um kosningaumfjöllun í aðdraganda beggja kosninganna.	Sjá nánar í ársskýrslu 2024
3. mgr. 3. gr.	Ríkisútvarpið skal sinna menningarlegu hlutverki sínu m.a. með því að:		
1. tölul. 3. mgr. 3. gr.	1. Leggja rækt við íslenska tungu.	RÚV hefur ríkar skyldur við íslenskt mál og áhersla er lögð á vandað mál í öllum miðlum. Málfráðgjafar lesa yfir, veita ráðgjöf og stuðla að bættri íslenskufærni starfsfólks, koma með ábendingar og halda fundi um málfrá. Umfang yfirlestrar eykst ár frá ári. Málfráðunautur og málfráðgjafar sinna upplýsingagiöf og fræðslu um íslensku í miðlum RÚV, þar á meðal Samfélaginu á Rás 1 og þættinum Orði af orði sem hefur verið vikulega á Rás 1 frá 2013. RÚV tekur þátt í málækniaætlun stjórnvalda. Þá á RÚV fulltrúa í Íslenskri málnefnd og Málræktarsjóði. Málstefna RÚV er endurskoðuð reglulega sbr. 9. gr. í þjónustusamningi RÚV og menningar- og viðskiptaráðuneytis fyrir 2024 – 2027.	Sjá nánar í ársskýrslu 2024
2. tölul. 3. mgr. 3. gr.	2. Kynna sögu þjóðarinnar, menningararfleifð og náttúru.	Rás 1 og sjónvarpið sinna sögulegum málefnum, menningararfleifð og náttúrumálum í fjölda þátta af margvíslegu tagi, sbr. ársskýrslu fyrir árið 2024.	Sjá nánar í ársskýrslu 2024

3. tölul. 3. mgr. 3. gr.	3. Þjóða fjölbreytt og vandað menningarefni og fjalla um ólík svið menningar, lista og íþróttá á Íslandi og erlendis, auk þess að vera vettvangur umræðna og skoðanaskipta um íslenska menningu og samfélag.	Hlutfall efnispáttá í dagskrá miðla RÚV hefur haldist óbreytt að mestu undanfarin ár, sjá töflur nr. 6, 11 og 14 í fylgiskjali 1. Allir efnispættir sem getið er í 3. tölul. 3. mgr. 3. gr. eru meðal dagskrárefnis. Breytingar á hlutfalli efnispáttá í sjónvarpi helgast aðallega af útsendingum frá stórmótum í íþróttum, heimsmeistaramótum o.þ.h.	Sjá fylgiskjal 1
4. tölul. 3. mgr. 3. gr.	4. Framleiða sjálfst og í samstarfi við aðra lista- og menningarefni, með sérstakri áherslu á leikið efni, auk þess að endurspegla samtíma-menningu þjóðarinnar. Ríkisútvarpið skal vera virkur þátttakandi í íslenskri kvikmynda-gerð, m.a. með kaupum frá sjálfstæðum framleiðendum. Í samningi sem ráðherra gerir við Ríkisútvarpið skv. 4. mgr. 2. gr. skal mælt fyrir um lágmarkshlutfall dagskrárefnis sem keypt er af sjálfstæðum framleiðendum.	Eigin framleiðsla, samstarf við aðra og kaup á efni frá sjálfstæðum framleiðendum var með svipuðu móti og undanfarin ár. Sama á við um fjölbreytni efnisins. Sú nýbreytni er í samningi RÚV og menningar- og viðskiptaráðherra fyrir árin 2024-2027 að hlutfall dagskrárefnis sem keypt er af sjálfstæðum framleiðendum, eða sem Ríkisútvarpið er meðframleiðandi að, skuli á samningstímanum vera að meðaltali 35% af íslensku efni í sjónvarpi mælt í klukkustundum og miðað við frumsýnt efni á kjörtíma í línulegri dagskrá. Áður var miðað við tiltekið hlutfall af útvarpsgjaldi. Hlutfall ofangreinds efnis var árið 2024 um 35%.	
5. tölul. 3. mgr. 3. gr.	5. Framleiða og miðla fjölbreyttu efni við hæfi barna og ungmenna.	KrakkaRÚV býður upp á fjölbreytt efni fyrir börn með þrennum hætti, í línulegri dagskrá, spilara og á vefmiðlum. KrakkaRÚV einbeittir sér að því að sinna börnum að 12 ára aldri. Kjarni þjónustunnar er á krakkaruv.is og þar er spilarinn. KrakkaRÚV er í línulegri dagskrá alla daga klukkan 18 – 18.50 og að auki um helgar frá 07 – 10. Krakkafréttir eru sem fyrr á dagskrá fjóra daga vikunnar. Árið 2024 voru allar Krakkafréttir sendar út táknmálstúlkaðar á RÚV og án táknmálstúlkunar á RÚV 2. Tíktok-aðgangur Krakkafréttá hélt áfram að þróast og fylgjendum fjölgaði mikið. Lögð var áhersla á leikið efni Stundin okkar var álfarið leikin ásamt 24 þátta leiknu jóladagtali um Þorra og Þuru. Sögur stuttmyndir voru auk þess á sínum stað.	Að staðaldri eru framleiddir 6 nýir þættir á viku fyrir KrakkaRÚV auk annars tilfallandi efnis. Hlutfall barna- og unglingaefnis sem hlutfall af heildardagskrárframboði í sjónvarpi var 10,8%.
6. tölul. 3. mgr. 3. gr.	6. Miðla afþreyingar- og menningarefni við hæfi fólks á öllum aldri. Erlent efni skal vera frá mismunandi menningarheimum og áhersla lögð á norrænt og annað evrópskt efni.	Talsverðar breytingar hafa orðið á undanförunum árum á uppruna aðkeypts erlends efnis í sjónvarpi. Þeirri stefnu er fylgt að minnka hlutfall efnis frá Norður-Ameríku en auka framboð á evrópsku efni, þ.m.t. íslensku og efni frá öðrum ríkjum. Hlutfallsleg skipting eftir uppruna dagskrárefnis, 2022 2023 2024 Ísland 64.6%, 63.4%, 64.0% Önnur Norðurlönd 10.3%, 10.9%, 13.1% Önnur Evrópulönd 17.4%, 17.4%, 16.7% N-Ameríka (Bandaríkin og Kanada) 7.8%, 7.5%, 5.4% Aðrar heimsálfur 0.2%, 0.8%, 0.8%	Sjá fylgiskjal 1, töflu 7.
4. mgr. 3. gr.	Í starfsháttum sínum skal Ríkisútvarpið:		

1. tölul. 4. mgr. 3. gr.	1. Vera til fyrirmyndar um gæði og fagleg vinnubrögð.	Við dagskrárgerð og frétttaflutning er farið eftir vinnureglum um fréttir og dagskrárefni og um þátttöku frambjóðenda í almennum kosningum í dagskrá Ríkisútvarpsins auk þess sem efni og framsetning þess er rætt á reglulegum fundum starfsfólks. Þá hafa verið settar reglur og viðmið um notkun gervigreindar hjá RÚV og leiðarvísir um RÚV á samfélagsmiðlum (mars 2025).	
2. tölul. 4. mgr. 3. gr.	2. Ábyrgjast að sanngirni og hlutlægni sé gætt í frásögn, túlkun og dagskrárgerð, leitað sé upplýsinga frá báðum eða öllum aðilum og sjónarmið þeirra kynnt sem jafnast.	Sjá aths. við 1. tölul. 4. mgr. 3. gr.	
3. tölul. 4. mgr. 3. gr.	3. Sannreyna að heimildir séu réttar og að sanngirni sé gætt í framsetningu og efnistöðum.	Sjá aths. við 1. tölul. 4. mgr. 3. gr.	
4. tölul. 4. mgr. 3. gr.	4. Virða friðhelgi einkalífsins í fréttum og dagskrárefni nema lýðræðishlutverk Ríkisútvarpsins og upplýsingaréttur almennings krefjist annars.	Sjá aths. við 1. tölul. 4. mgr. 3. gr.	
5. tölul. 4. mgr. 3. gr.	5. Vera óháð stjórnmalalegum, hugmyndafræðilegum og efnahagslegum hagsmunum í efnismeðferð og ritstjórnarákvörðunum.	Sjá aths. við 1. tölul. 4. mgr. 3. gr.	
6. tölul. 4. mgr. 3. gr.	6. Stunda vandaða og gagnrýna fréttamennsku og rýna m.a. störf yfirvalda, félaga og fyrirtækja sem hafa áhrif á hag almennings.	Sjá aths. við 1. tölul. 4. mgr. 3. gr.	
7. tölul. 4. mgr. 3. gr.	7. Taka dagskrárákvörðanir á faglegum forsendum.	Allar dagskrárákvörðanir eru teknar af dagskrárstjórum eftir samráð og umræður á fundum með viðkomandi starfsmönnum. Stórar dagskrárákvörðanir eru teknar eftir atvikum á fundum framkvæmdastjórnar og útvarpsstjóra.	

ATRÍÐI SEM KVEÐIÐ ER Á UM Í ÞJÓNUSTUSAMNINGI

	Sérstök markmið á samningstímanum sbr. 2. gr. 1-4.	
--	--	--

2.1. Kaup af sjálfstæðum framleiðendum og meðframleiðsla	Kaup og meðframleiðsla á dagskrárefni af sjálfstæðum framleiðendum 2024: Talsetning á barnaefni 30,5 m.kr. Sjónvarp, 762.194.335 kr. Útvarp, 22.101.500 kr. Samtals: 784.295.835 kr.	Sjá einnig aths. við 4. tölul. 3. mgr. 3. gr.
2. Framlag til íslensks efnis í sjónvarpi (gr. 2.1.).	a. Framlag Ríkisútvarpsins til leikins innlends sjónvarpsefnis var 400.550.000 kr. b. Hlutfall af framlagi Ríkisútvarpsins til leikins efnis sem rennur til sjálfstæðra framleiðenda var 100%.	
3. Börn og unglingar (gr. 2.2).	Hlutfall barna- og unglingaefnis sem hlutfall af heildardagskrárframboði í sjónvarpi var 10,8% og 0,72 % á Rás 1. - Á KrakkaRÚV er lögð mikil áhersla á að efnið endurspegli íslenskt samfélag í allri sinni fjölbreytni. - Fjölbreytt framboð var á efni fyrir börn og ungmenni í öllum miðlum RÚV árið 2024. Áhersla var lögð á fjölbreytileika, virðingu og sameiningu. - Skólahreysti og fréttir af íþróttastarfi barna og unglinga eru viðleitni til að efla lýðheilsu og hvetja yngstu kynslóðirnar til heilbrigðs lífennis. - Til að stuðla að því að virkja börn og unglinga til þátttöku í menningarstarfsemi og félagsstarfi, auk þess að hvetja þau til þátttöku í dagskrárgerð og öðru skapandi starfi, tekur RÚV þátt í verkefninu Sögu. Þangað bárust 99 stuttmyndahandrit, smásögur, leikhúshandrit, lög og textar. - Mikið er unnið með stofnunum, félagasamtökum og öðrum að því að efla barnamenningu og fræðslustarf fyrir börn og ungmenni. Má þar nefna verkefnið Sögur, samstarf við Umboðsmann barna um krakkakosningar í grunnskólum landsins, Upptaktinn – tónsköpunarverðlaun barna og ungmenna.	Sjá nánar í ársskýrslu 2024
2.3. Varðveisla eldra efnis, miðlun þess og máltækni	Sjá skýringar við 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. og hér fyrir neðan auk tölulegra upplýsinga í fylgiskjali 2, RÚV Safn 2024.	
	Önnur atriði sem kveðið er á um í þjónustusamningi	
Niðurstöður eigin mats Ríkisútvarpsins á framkvæmd ákvæða 4. mgr. 3. gr. laganna, einkum 2. og 5. tölulið.	Sjá athugasemdir hér fyrir ofan við 1. – 7. tölul. 4. mgr. 3. gr. Að auki má nefna að RÚV byggir á áratuga hefð um varfærni og hlutleysi í ágreiningsmálum sem eru til umræðu í samfélaginu. Þá veita landsmenn mikið aðhald með athugasemdum og ábendingum.	

2. Ábyrgjast að sanngirni og hlutlægni sé gætt í frásögn, túlkun og dagskrárgerð, leitað sé upplýsinga frá báðum eða öllum aðilum og sjónarmið þeirra kynnt sem jafnast. 5. Vera óháð stjórn mála legum, hugmyndafræðilegum og efnahagslegum hagsmunum í efnismeðferð og ritstjórnarákvörðunum.	Sjónarmið stjórnvalda um mikilvægi þess að RÚV njóti trausts landsmanna koma meðal annars fram í lögum og þjónustusamningi. Fræðilegt mat eða formlegt innra mat á framkvæmd 2. og 5. tölul. 4. mgr. 3. gr. laga nr. 23/2013 hefur ekki verið gert nema með því sterka innra aðhaldi og greiningum sem stöðugt eiga sér stað.	
Gera grein fyrir hvernig aðskilnaði rit- og dagskrárstjórnar og viðskiptalegra hagsmuna er háttað.	Allar dagskrárákvörðanir eru teknar af dagskrárstjórum eftir samráð og umræður á fundum með viðkomandi starfsmönnum. Stórar dagskrárákvörðanir eru teknar eftir atvikum á fundum framkvæmdastjórnar og útvarpsstjóra. RÚV sala hefur ekki aðgang að þeim fundum en veitir eftir atvikum upplýsingar um eftirspurn eftir auglýsingarými o.fl.	
Viðbrögð við ábendingum, kvörtunum, frávikum frá siðareglum, brotum á fréttareglum og öðru sem skiptir máli varðandi gæði eða innra eftirlit.	Fylgt er reglum um meðferð athugasemda og kvartana og á Facebook-síðum RÚV og þær eru teknar til athugunar eftir eðli máls hverju sinni.	
Birting reglna um framkvæmd kosningaumfjöllunar á vef félagsins.	Reglur RÚV um alþingiskosningar 2024 Reglur RÚV um kosningaumfjöllun fyrir forsetakosningarnar 2024	
Magn safnaefnis Ríkisútvarpsins sem fært er á stafrænt form.	Tæplega 350 heimsóknir voru skráðar í safn RÚV í Efstaleiti á árinu. Í gagnagrunni safnsins er yfir ein milljón færslna. Alls voru 12.000 segulbönd úr safni útvarpsins yfirfærð á stafrænt form í Belgíu auk efnis sem var yfirfært hjá RÚV. Um 70.000 segulbönd eru komin á stafrænt form og um 28.000 myndbönd.	Sjá nánari tölulegar upplýsingar í fylgiskjali 2, RÚV safn 2024.
Aðgerðir til að gera safnaefni aðgengilegt almenningi.	Sjá aths. við 6. tölul. 1. mgr. 3. gr.	
Upplýsingar um aðkomu almennings að stefnumótun Ríkisútvarpsins.	Sjá aths. við 7. tölul. 1. mgr. 3. gr	
Dagskrárstefna miðla Ríkisútvarpsins.	Dagskrárstefna RÚV birtist í stefnu þess hverju sinni. Stefnt er að því að hver rás setji sér ítarlegri stefnu.	
Fjöldi stöðugilda á landsbyggðinni.	Sjá upplýsingar við 2. tölul., 1. mgr. 3. gr.	

Aðgerðir til að tryggja bætta þjónustu við notendur á landsbyggðinni.	Unnið er að gerð stefnu og aðgerðaáætlunar (landsbyggðaráætlunar) um starfsemi RÚV utan höfuðborgarsvæðisins. Fréttamenn RÚV eru með starfsstöðvar við Efstaleiti í Reykjavík, á Akureyri, Egilsstöðum, Borgarnesi og í Brussel í Belgíu. Á árinu hófst samtal við svæðisbundna miðla um mögulegt samstarf við RÚV. Í þjónustusamningi RÚV við ríkið segir meðal annars að Ríkisútvarpið leiti leiða til að efla samstarf við staðbundna fjölmiðla á landsbyggðinni. Með það í huga bauð fréttastofa RÚV staðbundnum miðlum að þiggja streymi frá kjördæmaþáttum RÚV fyrir alþingiskosningarnar. Fréttastofan deilir auk þess niðurstöðum kannana á fylgi flokka eftir kjördæmum með staðbundnum miðlum. Frekara samstarf er til umræðu. Auk þessa má nefna að sendistöðum RÚV hefur verið fjölgað skipulega um allt land til að tryggja betri móttöku útvarpssendinga, settar hafa verið upp vararafstöðvar og fleira til að koma í veg fyrir að útsendingar falli niður. Sjá einnig skýringar við lið 5. tölul. 1. mgr. 3. gr.	Fjöldi stöðugilda 2024 á landsbyggðinni: 12 <table><tr><td>Fréttastofa svæðis</td><td>7</td></tr><tr><td>Hugbúnaðar</td><td>1</td></tr><tr><td>Rás 1</td><td>0,47</td></tr><tr><td>Rás 2</td><td>0,53</td></tr><tr><td>Dagskrá sjónvarps</td><td>2</td></tr><tr><td>Auglýsingar</td><td>1</td></tr><tr><td>Samtals</td><td>12</td></tr></table>	Fréttastofa svæðis	7	Hugbúnaðar	1	Rás 1	0,47	Rás 2	0,53	Dagskrá sjónvarps	2	Auglýsingar	1	Samtals	12
Fréttastofa svæðis	7															
Hugbúnaðar	1															
Rás 1	0,47															
Rás 2	0,53															
Dagskrá sjónvarps	2															
Auglýsingar	1															
Samtals	12															
Kynjahlutföll, fréttir og starfsfólk	Hlutfall karla og kvenna í starfsmannahópi RÚV: 48% konur og 52% karlar. RÚV hefur staðist úttektir jafnlaunavottunar síðan 2019.	Sjá skýringar og tölur við 6. tölul. 2. mgr. 3. gr.														
Síðareglur starfsmanna.	Nýjar reglur tóku gildi 2022.															
Fréttareglur Ríkisútvarpsins.	Vinnureglur um fréttir og dagskrárefni og um þátttöku frambjóðenda til almennra kosninga í dagskrá Ríkisútvarpsins voru settar af útvarpsstjóra 21. mars 2024.															
Reglur um móttöku og meðferð erinda og greinargerð um samskipti við notendur.	Reglur um meðferð athugasemda og kvartana voru settar af útvarpsstjóra 5. maí 2022.															
Reglur um innra eftirlit og gæðamál.	Reglur um innra eftirlit og gæðamál voru samþykktar af stjórn og tóku gildi 27. mars 2017.															
Helstu niðurstöður mælinga á trausti og viðhorfi almennings til Ríkisútvarpsins.	67,2% bera mikið traust til fréttastofu RÚV, 16,1 hvorki mikið né lítið traust og 16,7% bera lítið traust til fréttastofunnar.	Sjá fylgiskjal 3														
Umfang skoðunarferða og fræðsluheimsókna.	Fjöldi heimsóknabeidna berst RÚV ár hvert, frá kennurum allra skólastiga frá 12 ára aldri, um vísindaferðir háskólanema og sérsniðnar heimsóknir t.d. frá þjónustumiðstöðvum, unglingasmiðjum o.fl. Gestum fjölgaði verulega rá fyrra ári, gestir ársins 2023 voru u.þ.b. 670 en 1061 árið 2024. Þá tekur KrakkaRÚV á móti fjölmörgum gestum í tengslum við starfsemi sína og fjöldi gesta tekur þátt í útsendingum RÚV í Útvarphúsinu og um allt land.	Fjöldi gesta Frá grunnskólum: 254 Frá framhaldsskólum: 221 Vísindahópar háskóla: 200 Ýmsir: 386 Samtals: 1061														

	Gestir á hugmyndadögum RÚV að vori og hausti voru um 50. Meðal annarra gesta voru hópar frá EBU, ýmis sendiráð, þingflokkur, ýmis félagasamtök (Rótarý, Vinnustofan Ás, Hringsjá, Ljósið, Framvegis, Stelpur í tækni, Andrastaðir), háskólanemar á námskeiði, ÞON o.fl.	
Aðgengismál	Fréttakerfi RÚV var tengt við gervigreindartól frá Miðeind sem gerir kleift að birta fleiri fréttir á auðskildu máli með aðstoð gervigreindar. Kvöldfréttir og íþróttir í sjónvarpi og meiri háttar menningarviðburðir eru með texta í beinni útsendingu. Textun í beinni sjónvarpsútsendingu er mikilvægt aðgengismál og í tíðum aukafréttatímum vegna eldgosa var notuð sjálfvirk rauntímatextun. Einnig var byrjað að senda út sjálfvirkan texta með Silfrinu. Þá voru fleiri menningarviðurðir en áður með sjálfvirkri textun. Þróun sjálfvirkrar rauntímatextunar heldur áfram og er stefnt að því að hafa hana aðgengilega með fleiri útsendingum á næstunni. Aðalfréttatími sjónvarps er táknmálstúlkaður.	Sjá nánar í ársskýrslu RÚV 2024.
RÚV Orð, fyrsta stafræna lausnin til íslenskukennslu. Á vefnum geta notendur valið sjónvarpsefni frá RÚV og tengt það við tíu tungumál: ensku, frönsku, þýsku, lettnesku, litáísku, pólsku, rúmensku, spænsku, taílensku og úkraínsku.	RÚV ORÐ er nýr vefur sem notar sjónvarpsefni til að aðstoða fólk við að læra íslensku. Markmiðið með vefnum er að bæta aðgengi innflytjenda að íslensku samfélagi og lýðræðislegri umræðu og stuðla að inngildingu fólks með fjölbreyttan bakgrunn í íslenskt samfélag. RÚV ORÐ er samstarfsverkefni RÚV, menningar- og viðskiptaráðuneytis, félags- og vinnumarkaðsráðuneytis og mennta- og barnamálaráðuneytis við Sprákkraft, sem er óhagnaðardrifið sænskt félag sem hannar málæknilausnir sem auðvelda tungumálanám. Notendur velja færnistig í samræmi við íslenskukunnáttu sína, samkvæmt sex stigum evrópska tungumálarammans, og geta nálgast efni sem hentar þeim — allt frá einföldum orðum og setningum upp í flóknara málfar. Íslenskur texti sem birtist á skjánum er litakóðaður í samræmi við færnistig notandans. Vefurinn er gagnvirkur og býður upp á möguleika á að vista orð til að læra síðar ásamt því að leysa próf og verkefni.	RÚV Orð
Samfélagsmiðlar	RÚV hélt áfram að vaxa á samfélagsmiðlum árið 2024. RÚV náði til yngri hóps á TikTok og menningar- og dæguerfni fékk góða dreifingu á Instagram. Fylgjendum á öllum miðlum heldur áfram að fjölga. Síðustu þrjá mánuði ársins var áhorf á efni RÚV Facebook í 13,8 milljónum og 9,5 milljónum á efni RÚV – fréttir. Fylgjendur Instagram-aðgangs fréttastofu eru um 55 þúsund og áhorf síðustu fjóra mánuði ársins var í 5,8 milljónum. 18-24 ára er vinsælasti aldurshópur RÚV á Tiktok, um 41% fylgjenda en rúmlega 70% þeirra sem líka við, deila og setja athugasemd við efni RÚV eru 18 – 24 ára. Sjá nánar í ársskýrslu.	• 68 þúsund fylgja RÚV á Facebook. • Um 105 þúsund fylgja fréttastofu á TikTok.

Vefurinn	Áhersla er lögð á að allt efni sem RÚV framleiðir og birtir sé aðgengilegt á vefnum. Það á við um útvarps- og sjónvarpsefni og efni sem framleitt er fyrir hlaðvarp eða samfélagsmiðla. Í Spilara RÚV er eitt stærsta safn þjóðfélags- og menningarumfjöllunar á Íslandi, bæði í hljóði og mynd. Á árinu voru birtar yfir 22.000 fréttir og 264 fréttavaktir.	Á árinu voru birtar yfir 22.000 fréttir og 264 fréttavaktir.
----------	--	--

Fylgiskjal 2, RÚV safn 2024

Alls

Vinnudagar á árinu	243
Sjónvarpsþættir sýndir og vistaðir	6801
Skrár sýndar á vef og vistaðar	373
Skráningar í Kistu í lok árs 2024	1.037.902
Skráningar að meðaltali á dag	131
Hljóðskrár í Kistu í lok árs 2024	670.852
Myndskrár í Kistu í lok árs 2024	64.439
Albúm í Kistu í lok árs 2024	51.933
Segulbönd yfirfærð hjá Memnon	12.000
Yfirfærðir geisladiskar hjá RÚV	4.300

Yfirfærð segulbönd hjá RÚV	746
Yfirfærð myndbönd hjá RÚV	1.073
Yfirfærðar filmur hjá Kvikmyndasafni Íslands	21
Innsend lög	2.134
Innsendar hljómplötur	117
Fjöldi viðskipta	312
Tekjur af sölu safnefnis	28.892.233
Gestir skráðir í safn	347